



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

18. Fundur Lýðheilsu og æskulýðsnefnd. Haldinn miðvikudaginn 12.02.25 kl. 11.00 í íprótt húsinu Flúðum.

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður og ritari, sem setti fund og stjórnaði, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir nefndarmaður, Heimir Sigurðsson nefndarmaður

1. Ályktun frá Félagi ípróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi.

Lögð fram ályktun frá Félagi ípróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi vegna sölu áfengis á ípróttaviðburðum. Þar er skorað á stjórnvöld, sveitarfélög, ípróttasérsambönd, ípróttafélög og skipuleggjendur ípróttaviðburða að standa vörð um gildi ípróttahreyfingarinnar og tryggja að ekki verði selt áfengi á ípróttaviðburðum.

Nefndin styður þessa ályktun og hvetur ípróttafélög til að skoða vel þessi mál. Ef sala áfengis er leyfð sér nefndin þá lausn að hægt væri að hafa sér fjölskyldustúkur til að vernda börn á stærri ípróttaviðburðum þar sem áfengi væri stranglega bannað og fólki undir áhrifum áfengis væri meinaður aðgangur að því svæði.

2. Opnunartímar í tækjasal og sundlaugar.

Forstöðumaður ípróttamannvirkja tók saman tölur yfir notkun sundlaugar og tækjasals og deildi með nefndinni, nefndin fagnar notkun á tækjasal og sundlaug. Hægt að skoða tölur um mánaðalega notkun í fylgiskjali 1

Morgunopnunartími í sundlaug. Morgunopnun í sundlaug hefur verið nýtt verr þennan veturinn en síðast liðinn vetur. Nefndin er huggsi yfir því hvað veldur. Til þess að halda úti morgun opnun þarf fólk að mæta, ekki er ásættanlegt að hafa stafsmann á launum ef fáir sem engir mæta. Mikil ánægja er með opnunina hjá þeim hópi fólks sem stundar morgunopnunina. Því viljum við hvetja íbúa til að nýta sér þessa opnun. Morgunopnun verður endurskoðuð eftir páska.

Nefndin leggur til tvær tillögur að sumaropnun í ípróttahúsi og líkamsrækt. Nefndin sendir tillögur á forstöðumann ípróttamannvirkja sem mun svo bera tillögur undir sveitastjóra.

Eða hægt væri að ráða 2 sumarstarfsmenn í ípróttahúsið á 2-2-3 vaktir og hver vakt væri 10 klst.

3. Nýr tækjasalur á Flúðum og aðstaða sjúkráþjálfara

Nefndin fagnar opnun nýs tækjasalar á Flúðum og aðstöðu sjúkráþjálfara. Nefndin hefur bara fundið fyrir ánægju og þakklæti frá íbúum með aðstöðuna. Þetta er mikil þjónustuaukning fyrir sveitunga og nærsveitunga. Íbúar Hrunamannahrepps geta verið stoltir af þessari aðstöðu. Við vonum að sem flestir geti nýtt sér þessa flottu aðstöðu.

4. Heilsuvikan, dagsetning og dagskrá

Tillaga er að heilsuvikan verði sömu viku og uppskeruhátíðin 1 – 7. september. Dagskrá er í vinnslu og verður kynnt við fyrsta tækifæri.

Fundi slitið kl 12.10

Fylgiskjal 1

Sundlaug mætingarskráning:

September: 749

Morgunopnun:

Mánudagar: 19

Fimmtudagar: 20

Október: 802

Morgunopnun:

Mánudagar: 41

Fimmtudagar: 40

Nóvember: 844

Morgunopnun:

Mánudagar: 42

Fimmtudagar: 44

Desember: 811

Morgunopnun:

Mánudagar: 39

Fimmtudagar: 41

Janúar: 608

Morgunopnun:

Mánudagar: 15

Fimmtudagar: 21

Febrúar: 263 (1-11 feb)

Morgunopnun:

Mánudagar: 15

Fimmtudagar: 9

Íþróttahús Tækjasalur:

Janúar (15-31 jan): 451

Febrúar(1-11 feb): 271